

Kirkjuþing 2023-2024

31. mál – þskj. 31a

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Berglindi Hönnudóttur.

Frsm. Berglind Hönnudóttir.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að fært verði í starfsreglur kirkjuþings að allt starfsfólk skuli sitja samræmt námskeið um starfshætti æskulýðsleiðtoga og siðareglur þjóðkirkjunnar.

Fræðslusvið skuli annast námsskrá og í samvinnu við svæðisstjóra skipuleggja reglubundið námskeiðshald. Fulltrúar biskups og prófafa skulu fylgja eftir að fræðsluskyldu og námskeiðssetu sé sinnt.

### Greinargerð

Námsefnið „*Grunnnámskeið fyrir leiðtoga í barna- og unglिंगastarfi kirkjunnar*“ er komið til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Þess í stað er lagt til að mótað verði straumlínulagað námskeið sem ætlað er öllum sem hefja störf á æskulýðsvettvangi kirkjunnar.

Námskeiði sem þessu er ekki ætlað að koma í staðinn fyrir aðra leiðtogamenntun heldur tryggja góða þekkingu á starfs- og siðareglum kirkjunnar, miðla hagnýtri þekkingu og samræma vinnulag. Það er mikilvægt í faglegu starfi með börnum og unglिंगum sé unnið eftir sameiginlegum reglum og allir sem að starfinu koma þekki reglurnar.